

FRÉTTABRÉF

Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur



1. tölublað 10. árgangur - Desember 2022



Ljósmynd: Jón Steinar Sæmundsson

Kæru félagsmenn!

Loksins getum við haldið aðalfund með hefðbundnu sniði.

Kjarasamningar hafa verið lausir núna í þrjú ár.

Því er mikilvægt að fá sem flesta á fundinn og fara yfir stöðu viðræðanna.

Fyrir hönd stjórnar Einar Hannes Harðarsson.





Sjómennt fyrir sjómenn?

Stjórn SVG tók þá ákvörðun í ársbyrjun 2017 að fara í einu og öllu eftir úthlutunarreglum sem Sjómennt setur og greiða félagsmönnum fulla endurgreiðslu til menntastyrkja í samræmi við þeirra reglur. Félagsmenn senda eftir sem áður sín gögn á skrifstofu félagsins. Frekari upplýsingar á skrifstofu SVG í síma 426-8400 eða tölvupóst svg@svg.is

Ítrekun frá stjórn Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur

Stjórn S.V.G. ítrekar við félagsmenn að skrifa ekki undir ráðningarsamninga nema með fyrirvara um að þeir standist gildandi kjarasamninga

Félagsmenn

eru hvattir til þess að fylgja eftir við undirritun ráðningarsamninga sem og í lausráðningu að félagsgjöldin fari ekki á flakk.

Skipsdagbók

Félagsmenn eru áminntir um að tilkynna slys og önnur óhöpp til skipstjóra og sjá til þess að atvik verði færð í skipsdagbók. Það er á ábyrgð skipstjóra og útgerðar að tilkynna atvik til Tryggingastofnunar ríkisins.

Styrktar og Sjúkrasjóður

- Félagismaður telst styrkhæfur eftir 6. mánaða iðgjaldagreiðslur, athugið að réttur flyst milli félaga, að öðru leyti gildir 1. árs regla.
- Reikningar sem eru eldri en 12 mánaða gamlir verða ekki greiddir.
- Með umsóknum þarf að skila vottorði til félagsins, staðfestingu á síðasta launadegi og upplýsingar um nýtingu persónuafsláttar.
- Reikningar sem berast til félagsins eru einungis gildir þegar að réttur hefur myndast hjá félagsmanni.
- Ef félagismaður er að fá greitt annarstaðar þá á sá aðili ekki rétt á sjúkra/dagpeningum.
- Félagismaður skal skila löglegum reikningi með nafni sínu og kennitölu frá viðurkenndum þjónustuaðila.
- Með löglegum reikningi er átt við að viðskiptin þurfa að vera við aðila sem selja þessa þjónustu og gefa út reikninga sem uppfylla öll skilyrði opinberra aðila.
- Reglur og lög sjóðsins hafa verið uppfærð á vef félagsins svg.is

Afsláttur hjá Voot/Hampiðjuni – HIS

Allt að 40 % afsláttur til félagsmanna SVG á vörum í starfstöðvum HIS.

Orlofsnefnd vill ítreka !!!

Að það þarf að þrifa og skúra eftir helgardvöl eða 2ja daga dvöl í orlofshúsum félagsins jafnt sem viku dvöl. Það er óvenju mikið um það að fólk renni ekki yfir og skúri þetta haustið og það er alveg óboðlegt. Fólki finnst það ekki þurfa að skúra ef það er einungis í 2 nætur !!!



Orlofsmál

„Að gefnu tilefni áskilur SVG sér þann rétt að Innheimta allan þann kostnað sem fellur vegna vanefnda á þrifum og vegna óviðunnandi viðskilnaðar á orlofshúsum félagsins”

Á orlofsvef félagsins er að finna ýmsa kosti sem í boði eru fyrir félagsmenn má nefna Veiðikortið og útilegukortið, ásamt Ferðaásvísun sem kom í stað „Hótelmiðanna” er þar að finna gisti og hótél möguleika um allt land af ýmsu tagi. Félagsmenn eru hvattir til þess að nýta sér góðann afslátt í verslun Voot/Hampiðjunar á Skarfabakka og einnig afsláttarkort 66'n sem nálgast má á orlofsvefnum. SVG.is - orlofshúsavefur.

Nýtt Orlofshús:

Dvergahraun 15

í landi Miðengis

Húsið er glæsilegt heilsárs-hús 145 fm að stærð á 1.ha. eignarlands skógi vaxið.

Húsið er búið öllum nútímaþægindum, 3 svefnherbergi, svefnrými fyrir 10 manns.

Á verönd er mjög rúm-góður glerskáli, þar er m.s pottur og góð setuadstaða með gasloga í eldstæði til upphitunar.



Nú er í gildi samningur um gjafakort sem félagsmenn nálgast á orlofsvef félagsins og á skrifstofu.


Björgunarsveitn Þorbjörn auglýsir eftir réttindamönnum

á björgunarskipið Odd V. Gíslason.

Áhugasamir félagsmenn hafi samband við skrifstofu SVG.

Sjómenn

Aðalfundur Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur 2022,
verður haldinn miðvikudaginn 28. desember kl. 18.00 í Sjómannastofunni Vör.
Kvöldverður og léttar veitingar verða í boði félagsins að fundi loknum.
Að gefnu tilefni er öll áfengisneysla bönnuð á meðan á fundi stendur.
Stjórnin býður gamla félagsmenn velkomna á fundinn.



Dagskrá fundar:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Skýrsla stjórnar
4. Ársreikningar
5. Kosning stjórnar
6. Önnur mál

Hið árlega jólaball SVG fellur niður

Gefðu aukagjafir um jólin

Grindvíkingar eru hvattir til að kaupa aukagjafir fyrir jólin,
merkja fyrir hvaða aldur þær henta og koma þeim fyrir
undir fallega jólatrénu í Kvikunni, Hafnargötu 12a.

Tekið er við gjöfunum til 12. desember.

Þeim gjöfum sem skilað er óinnþökkuðum
verður pakkað inn áður en þeim verður dreift.

Félagasamtök innanbæjar munu sjá til þess að koma gjöfunum
til fjölskyldna sem hafa minna milli handanna.

Þeir sem vilja þiggja gjafir geta haft samband við Elínborgu Gísladóttur,
sóknarprest, í síma 696-3684 eða gegnum netfangið grindavikurkirkja@simnet.is.